

Breytingin varðar spildu úr landi Þórisstaða sem breytt er úr landbúnaðarsvæði í hugsanlegt sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisstofnun herra þann 23. apríl 2002 staðfest aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Kópavogs 1992-2012.

Umhverfisstofnun, 23. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2002 tillögu að breytingu á deiliskipulagi reita 9 og 14 á svæði A í Keflavík, Reykjanesbæ. Tillagan nær til reits sem afmarkast af Hafnargötu og Túngötu milli Aðalgötu og Tjarnargötu.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir að þau hús sem nú standa við Hafnargötuna milli Aðalgötu og Tjarnargötu verði víkjandi og byggingarreit lóðanna er breytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 19. apríl 2002.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.